

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða í Keflavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur getur, að fengnum tillögum Vörubilstjórafélags Keflavíkur og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Keflavík, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, samkv. 1. gr., skal Vörubilstjórafélagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökuumsóknir hafi borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir.

Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórninni í té rökstuddar tillögur um hámarkstölu vörubifreiða í Keflavík á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegs- manna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en starfandi tala vörubifreiða hjá Vörubílastöð Keflavíkur 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. gildir eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðilja, sem um getur í 2. gr. og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn vörubilstjórafélagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, né til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Vörubílastöð Keflavíkur.

Ef ágreiningur ris um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið, samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26 16. febrúar 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1957.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.